

Jakob F. Ásgeirsson
Ólafur Thors

16. maí 1942 – 16. desember 1942. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks.

21. október 1944 – 4. febrúar 1947.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalístaflokks (nýsköpunarstjórnin).

6. desember 1949 – 14. mars 1950. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks.

11. september 1953 – 24. júlí 1956. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

20. nóvember 1959 – 14. nóvember 1963.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks (viðreisnarstjórnin). Bjarni Benediktsson gegndi embætti forsætisráðherra í forföllum Ólafs frá 14. september til ársloka 1961.



Fæddur 19. janúar 1892 í Borgarnesi. Dó 31. desember 1964.

Foreldrar: Thor Philip Axel Jensen kaupmaður og útgerðarmaður og Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir húsmóðir.

Kvæntur 1915 Ingibjörgu Indriðadóttur Thors (1894–1988) húsmóður, dóttur Indriða Einarssonar og Mörту Mariu Pétursdóttur.

Börn: Thor Jensen (1916), Marta (1918), Thor (1922), Ingibjörg (1924) og Margrét Þorbjörg (1929).

Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1912. Cand. phil. frá Kaupmannabafnarháskóla 1913.

Framkvæmdastjóri togarafélagsins Kveldúlfs hf. í Reykjavík 1914–1939. Dómsmálaráðherra í stað Magnúsar Guðmundssonar í hálfan annan mánuð 1932 í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar. Atvinnumálaráðherra 1939–1942 í ráðuneyti Hermanns Jónssonar. Forsætisráðherra og jafnframt utanríkisráðherra 1942 og 1944–1947. Forsætisráðherra og félagsmálaráðherra 1949–1950. Því næst sjávarútvegs- og iðnaðarmálaráðherra til 1953 í ráðuneyti Steingríms Steinþórssonar. Forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra 1953–1956. Forsætisráðherra 1959–1963.

Formaður Sjálfstæðisflokksins 1934–1961.

Alþingismaður fyrir Íhaldsflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn 1926–1964.

Ólafur Thors var einn af þeim mönnum sem stærstan svip settu á 20. öldina í sögu Íslendinga. Samfleytt í hálfu öld var hann forystumaður í fremstu víglínu í íslensku þjóðlífi. Hann varð ungur mikilsráðandi í stærsta fyrirtæki landsins og síðan um fjörutíu ára skeið (1926-1964) einn atkvæðamesti stjórnmalamaður þjóðarinnar. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins í 27 ár og myndaði fimm ríkisstjórnir, fleiri en nokkur annar. Hann bar mikla persónu og sópaði að honum hvar sem hann fór.¹

Bakgrunnur

Ólafur Thors ólst upp á miklu framkvæmda- og umbrotaskeiði í sögu þjóðarinnar. Faðir hans, Thor Jensen, var í fararbroddi í stórfelldri atvinnuuppbyggingu sem kölluð hefur verið *íðnbyltingin á Íslandi*.² Thor var forsprakki Alliance-félagsins sem gerði út *Jón forseta*, fyrsta togarann sem smíðaður var fyrir Íslendinga, og stofnaði síðar ásamt sonum sínum útgerðar- og fiskisölufélagið Kveldúlf sem á fáum árum varð stærst fyrirtækja í landinu.³ Stórauðnar fiskveiðar lögðu grunn að nútímavæðingu landsins í sama mund og stærstu skrefin voru stigin í átt til fulls sjálfstæðis. Ólafur var nýorðinn tólf ára þegar Hannes Hafstein varð fyrsti ráðherra Íslands árið 1904. Þá hófst þingræði á Íslandi, þ.e. innlent framkvæmdavald varð ábyrgt gagnvart Alþingi. Sú bjartsýni og sá framfarahugur, sem fylgdi heimastjórninni og uppbyggingu atvinnulífsins – og birtist ekki síst í ljóðum Hannesar Hafstein – átti einkar vel við skapgerð Ólafs Thors.

Hann fæddist í Borgarnesi árið 1892, fjórði í röð tólf systkina, en fluttist ungur með foreldrum sínum til Akraness. Þar varð fyrirtæki föður hans gjaldþrota. Þá var Ólafur sjö ára. Fjölskyldan fluttist til Hafnarfjarðar og bjó við þröngan kost um skeið. Eftir flutning til Reykjavíkur vorið 1901 tók hagar fjölskyldunnar smám saman að vænkast og á fáum árum varð faðir Ólafs einn af ríkustu mönnum landsins.

Ólafur vildi snemma lifa lífinu og sjá heiminn. Hann fékk ungur að fara í ferðalög

1 Aðalheimild þessarar ritgerðar er hin mikla ævisaga Matthíasar Johannessens, *Ólafur Thors*, I-II. Ekki er vitnað sérstaklega í ritið þegar tilfærðar eru það sem kalla má almennar upplýsingar um ævi og störf Ólafs Thors.

2 Sjá t.d. *Íðnbyltingin á Íslandi*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar, bls. 21.

3 Frá Thor Jensen segir í ævisögu Valtýs Stefánssonar: *Thor Jensen Minningar*, I-II. Sjá einnig Kristján Albertsson: „Thor Jensen – hinn síðasti mikli landsmaður.“ *Menn og málavextir*, bls. 22-30.

til útlanda með fisksöluskipum föður síns. Hann gekkst upp í skák og spilamennsku, las skáldskap af kappi, svo sem norsku skáldin Björnson og Ibsen. Hann hafði söngródd góða og voru æskufélagar hans sumir þess fullvissir að hann ætti eftir að verða frægur söngvari. Hann undi sér lítt yfir skólabókum. Hann las utanskóla tvo vetur í Menntaskólanum í Reykjavík með Kjartani bróður sínum en féll á stúdentsprófi og þurfti að taka það upp ári síðar. Enginn frýði honum þó vits og var Ólafur til dæmis hæstur í stærðfræði á stúdentsprófi 1912. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sagði síðar að það væri vitnisburður um kennsluhætti í Menntaskólanum á þessum árum að maður svo miklum gáfum búinn og Ólafur Thors skyldi ekki finna hæfileikum sínum stað í skóla.⁴

Eftir stúdentspróf hélt Ólafur til Kaupmannahafnar þar sem hann lauk prófi í forspjallsvísindum við Kaupmannahafnarháskóla með ágætiseinkunn árið 1913. Hann hugði á frekara nám en framkvæmdagleðin varð yfirsterkari. Árið 1914 varð hann einn af framkvæmdastjórum Kveldúlfs. Á næstu árum hafði félagið mikil umsvif, gerði út sjö togara, byggði og rak síldarverksmiðju og stundaði geysimikla fisksölu til útlanda. Ólafur sinnti daglegum störfum í Kveldúlfi allt til 1934 þegar hann var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

Árið 1915 gekk hann að eiga Ingibjörgu Indriðadóttur Einarssonar leikskálds og hagfræðings. Þeim varð fimm barna auðið en fyrsta barn þeirra dó fjögurra ára.

Mannlýsing

Ólafur unni mjög foreldrum sínum sem voru samstillt en ólík. Ævisöguhöfundur Ólafs, Matthías Johannessen skáld og ritstjóri, segir að hann hafi erfð bestu eðliskosti beggja foreldra – bjartsýni og hugsjónahita föður síns og raunsæi og varfærni móður sinnar, Margrétar Þorbjargar. Og hann erfði fleira. Ólafur var einn af þeim mönnum sem sjá lengra en það sem blasir við í kringum þá. Ingibjörg eiginkona hans orðaði það svo að hann hefði haft „einhverja tilfinningu fyrir því hvað heppilegast væri að gera hverju sinni“. Hún sagði að þennan hæfileika hefði Ólafur fengið frá móður sinni: „Ég held hún hafi verið forvitri,“ sagði Ingibjörg.⁵

Ólafur varð ungur fyrirliði í leik barna. Hann var glaðvær og kappsamur en ekki tapsár, hugaður og sýndi snemma að hann var óvenjulega úrræðagóður. Æskuvinnur hans, Sigurbjörn Þorkelsson kaupmaður í Vísi, lýsir í ævisögu sinni drenglyndi Ólafs í áflogum á yngri árum og bætir við:

4 Bjarni Benediktsson: „Ólafur Thors.“ *Land og lýðveldi*, III, bls. 109.

5 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, I, bls. 57-59.

Alla hina löngu þingmanns- og ráðherratið sína hefur hann líkzt hinum hrein hjartaða og sáttfúsa æskumanni, sem rétti mótstöðumanni sínum hönd að loknum átökum, hver sem hann var og hvernig sem á stóð.⁶

Ólafur var karlmenni í lund og stór í sniðum. Hann var alvörumaður undir niðri en frægur fyrir gáska og hnyttin tilsvör. Hann þurfti oft að fá útrás fyrir sitt mikla skap en var fljótur að sættast. Sjálfur erfði hann ekki misgjörðir við menn. Hann skildi mannlegan breiskleika öðrum fremur. Hann var frjálstlegur og djarfmannlegur í framgöngu en jafnframt hlýr og alúðlegur. Elsti bróðir hans, Richard framkvæmdastjóri Kveldúlfs, sagði eitt sinn:

Þegar maður utan af landi kemur til að hefja viðskipti við okkur í Kveldúlfi, þá reyni ég alltaf að sjá svo um, að það verði Ólafur sem talar við manninn, því manninum fer strax að þykja vænt um Ólaf – og Ólafi um manninn.⁷

Höfðingsskapur hans var mörgum eftirminnilegur. Ólafur Björnsson prófessor sagði að honum hefði alltaf komið það sérkennilega fyrir sjónir þegar Ólafi var lýst sem talsmanni sérhyggju eins og andstæðingarnir gerðu stundum, ekki síst framan af. Engir „félagshyggjumenn“, sem hann vissi til, voru „eins örlátir á eigið fé og Ólafur Thors“.⁸

Ólafur var meðalmaður á hæð og samsvaraði sér vel. Hann var „fríður maður sýnum, skarpleitur á yfirbragði, augun snör og lifandi“, eins og Magnús Magnússon, ritstjóri *Storms*, komst að orði.⁹ „Gerðarlegt og svipmikið andlitsfall hans og rismikill hármakki gátu minnt á ljónshaus – en góðlegan ljónshaus,“ sagði Kristján Albertsson rithöfundur.¹⁰ Ólafur var snyrtimenni í klæðaburði og gekk alltaf með lausan flibba að gamallar tíðar hætti.

Stjórn málaferill

Það var lítið talað um stjórn mála í foreldrahúsum Ólafs og í skóla sýndi hann engan sérstakan áhuga á þjóðmálum. Það var ekki fyrr en Ólafur var orðinn framkvæmdastjóri Kveldúlfs sem hann fór að sýna landsmálum mikinn áhuga. Þá valdist hann til forystu í félagsmálum og var meðal annars formaður Félags íslenskra botnvörpurskipaiegenda um skeið.

6 Sama rit, bls. 47.

7 Jakob F. Ásgeirsson: *Kristján Albertsson – Margt er að minnast*, bls. 129.

8 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 386.

9 Magnús Magnússon: *Upprisa alþingismanna*, bls. 131.

10 Jakob F. Ásgeirsson: *Kristján Albertsson – Margt er að minnast*, bls. 129.

Hann tók fyrst sæti á framboðslista árið 1921 – á lista heimastjórnarmanna í aukakosningum í Reykjavík. Hann settist í miðstjórn Íhaldsflokksins við stofnun hans 1924 og var upp frá því náinn samherji Jóns Þorlákssonar. Árið 1926 var hann kosinn á þing í frægum aukakosningum í Gullbringu- og Kjósarsýslu þegar hann bar sigurorð af Haraldi Guðmundssyni, síðar formanni Alþýðuflokksins. Þá var Ólafur 34 ára. Hann sat á þingi fyrir kjördæmi sitt (og síðar Reykjaneskjördæmi) allt til dauðadags í árslok 1964, eða hátt í 40 ár.

Eftir andlát Jóns Magnússonar forsætisráðherra sumarið 1926 færði Jón Þorláksson það í tal við Ólaf að hann settist í ríkisstjórn Íhaldsflokksins ásamt Magnúsi Guðmundssyni en Ólafur hafnaði því boði.¹¹ Hann treysti sér ekki til að taka við ráðherraembætti nýkominn inn á þing. „Maður verður nefnilega að læra pólitík eins og hvað annað,“ sagði hann síðar.¹²

Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn voru í stjórnarandstöðu eftir kosningar 1927 en Alþýðuflokkurinn studdi ríkisstjórn Framsóknarflokksins. Íhaldsmenn og frjálslyndir stóðu fast saman í andstöðunni við ríkisstjórnina. Ólafur Thors var góður kunningi foringja Frjálslynda flokksins, Sigurðar Eggerz, sem þá var eini fulltrúi flokksins á þingi, og Jakobs Möllers. Að sögn Bjarna Benediktssonar var það ekki síst fyrir milligöngu Ólafs að flokkarnir tveir voru sameinaðir 25. maí 1929 í nýjum flokki, Sjálfstæðisflokknum.¹³ Ólafur var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins árið 1934 og gegndi formennskunni til 1961, lengur en nokkur annar, eða í 27 ár sem fyrr segir.


Ólafur Thors varð fimm sinnum forsætisráðherra á árunum 1942–1963. Hann var samtals forsætisráðherra í níu ár, átta mánuði og 13 daga – og myndaði stjórn með öllum fjórflokkunum svokölluðu.¹⁴ Hann var forsætisráðherra í tveimur minnihlutastjórnnum Sjálfstæðisflokksins 1942 og 1949–1950, einni ríkisstjórn með Framsóknarflokknum 1953–1956, annarri með Alþýðuflokknum 1959–1963 og hinni þriðju með Sameiningarflokki alþýðu – Sósíalistaflokknum og Alþýðuflokknum 1944–1947. Auk þess átti hann stóran þátt í myndun fjögurra annarra ríkisstjórna sem Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að eða studdi en það voru þjóðstjórnin svokallaða 1939–1942, stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar 1947–1949, stjórn Steingríms Steinþórssonar 1950–1953 og minnihlutastjórn Emils Jónssonar 1958–1959. Þá gegndi Ólafur öðrum ráðherraembættum í rúm 6 ár og átta mánuði. Samtals átti Ólafur sæti í átta ríkisstjórnum og var alls ráðherra í u.þ.b. 16½ ár.

11 Bjarni Benediktsson: „Ólafur Thors.“ *Land og lýðveldi*, III, bls. 117.

12 Birgir Kjaran: „Ólafur Thors.“ *Landsmálafélagið Vörður 40 ára*, bls. 13.

13 Bjarni Benediktsson: „Ólafur Thors.“ *Land og lýðveldi*, III, bls. 119.

14 „Lengst allra í embætti ...“, *Morgunblaðið*, 20. júlí 2001.



Klukkan tvö í dag hefst stofning Landssambands sjálfstæðra verkamanna, eins og þeir kalla það. Verkamenn þeir sem koma fram við þingstofnun þessa eru,

samkvæmt auglýsingu: Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson prófessor, Gunnar Thoroddsen lögfr., og Thor Thors alþingismaður.

Speglinum þótti það mätulega trúverðugt, ef ekki brein ófugmali, þegar Landssamband sjálfstæðra verkamanna var stofnað sumarið 1940. Frá vinstri: Thor Thors, Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors og Gunnar Thoroddsen. Teikninguna gerði Tryggvi Magnússon.

Ólafur vékst oftar undan því að verða ráðherra en sumarið 1926. Við myndun ríkisstjórnar Ásgeirs Ásgeirssonar (1932-1934) var til dæmis lagt hart að Ólafi að verða fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórninni en hann gaf ekki færi á því. Þá vildi Ólafur ekki verða ráðherra þegar Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að ríkisstjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar (1947-1949).

Ólafur hefði vafalaust verið lengur ráðherra og oftar forsætisráðherra ef flokkur hans hefði búið við réttláta kjördæmaskipan á stjórn málaferli hans. Kjördæmaskipanin endurspegladi ekki hina miklu búferlaflutninga sem áttu sér stað og afleiðingin var sú að atkvæði til sveita vógu iðulega tvöfalt meira en atkvæði greidd í bæjum. Árið 1931 fékk Framsóknarflokkurinn til dæmis meirihluta á Alþingi, 23 þingmenn, með 35,9% atkvæða en Sjálfstæðisflokkurinn fékk aðeins 15 þingmenn með 43,8% atkvæða.¹⁵

Stjórnmalamaðurinn

Ólafur Thors lét eitt sinn þau orð falla í samtali við erlendan blaðamann að fyrr á öldum hefðu Íslendingar drepit hver annan, en nú létu þeir sér nægja að eyðileggja mannorð hver annars, a.m.k. stjórnmalamennirnir. Hann bætti við að þótt stjórnmalabaráttan á Íslandi væri heiftúðug þá væri þó ekkert sem stjórnmalamennirnir vildu ekki gera hver fyrir annan þegar komið væri út fyrir dyr Alþingishússins.¹⁶

Í orrahrið stjórnmalanna var Ólafi ómetanlegt að eiga skjól hjá Ingibjörgu eigin konu sinni. Jafnframt var honum stuðningur að hinni fjölmennu Thorsfjölskyldu, einkum bræðrum hans. Ekki síst var það þó Ólafi mikils virði í stormum sinna tíða að búa við alvörumikla og staðfasta varaformenn í flokki sínum, þá Pétur Magnússon og Bjarna Benediktsson, sem báðir stóðu eins og klettur við bakið á formanni sínum.

Í palladómum um alþingismenn, sem Magnús Magnússon skrifaði árið 1930, segir að Ólafur Thors sé „fyrir margra hluta sakir einhver mikilhæfasti og glæsilegasti þingmaðurinn“ sem þá eigi sæti á Alþingi. Hann sé einn af bestu ræðumönnum þingsins, ræður hans skipulegar og vel byggðar og taki enginn alþingismaður honum fram í þessu efni nema Jón Þorláksson. „Hann er rökfastur og hugsar málin líka frá sjónarmiði andstæðingsins, þegar í byrjun, svo að varnirnar verða honum léttar,“ skrifaði Magnús Stormur um Ólaf:

15 Sjá t.d. Jakob F. Ásgeirsson: *Pétur Ben.*, bls. 297-298.

16 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 405.

Hann er harður í sókn og óvæginn ef því er að skipta, en „perfide“ er hann ekki og vegur aldrei aftan að andstæðingi sínum, eða með óleyfilegum vopnum. – Hann tekur mikinn þátt í hinum stærri málum þingsins, þó einkum þeim, sem að fjármálum líta, en að hinum smærri málum gefur hann sig lítið.¹⁷

Það er rómantískur blær yfir sumum ræðum Ólafs en þær eru blátt áfram og vel orðaðar. Best naut Ólafur sín þegar hann talaði beint frá hjartanu á fundum. Hann hafði kröftuga rödd og kunnir að hrífa áhorfendur með sér. Þar naut líka fyndni hans sín best, orðheppni og skörp hugsun þegar hnútur flugu um borð og miklu skipti að vera skjóttur til svars og hitta í mark með einu tilsvari. Komu þessir hæfileikar Ólafs ekki síst í ljós þegar hann vann einn sinn stærsta pólitíska sigur í svokölluðu Kveldúlfsmáli árið 1936, einn síns liðs á frægum fundum í barnaskólaportinu og í Varðarhúsinu og hratt þar með harðvítugri pólitískri atögu sem ætlað var að þvinga fjölskyldufyrirtækið Kveldúlf í gjaldþrot.¹⁸

Í palladómum Lúpusar (Helga Sæmundssonar ritstjóra) um alþingismenn sem skrifadír voru á árunum 1954–1955 segir að Ólafur sé sá Íslendingur sem tvímæla-laust megi sín mest í stjórnámálum samtíðarinnar. Lúpus bætir við:

Ef íslenski stjórnmalabarattu er líkt við tafl, þá er Ólafur Thors skákmeistarinn [...] Hann sér jafnan marga leiki í taflstjórnmalanna og gerir sér ekki síður far um að hugsa fram í tímann en hyggja að viðhorfum líðandi stundar. Andstæðingunum finnst Ólafur stundum tillitssamur og jafnvel leiðitamar í samningum, en raunin verður jafnan sú, að grákollur Thorsfjölskyldunnar hreppir það, sem hann vill fyrir sjálfan sig og Sjálfstæðisflokkinn.¹⁹

Ólafur var á sína vísu fyrirgreiðslupólitíkus eins og allir stjórnmalamenn á hans dögum. En hann vildi nota það mikla vald, sem stjórnmalamenn þá höfðu, af sanngirnri og ekki hygla vinum eða flokksmönnum umfram aðra heldur fyrst og fremst sjá til þess að verðugar framkvæmdahugmyndir yrðu ekki skriffinsku að bráð. Eitt sinn þegar kunnur sjálfstæðismaður færði það í tal við Ólaf að útvega sér leyfi fyrir bíl sagði Ólafur umsvifalaust nei. Hann bætti við:

Þetta geri ég ekki fyrir nokkurn mann. Ég hef skömm á þessum aðferðum og mundi aldrei fá mér bifreið á þennan hátt. Nei, ég tek ekki þátt í að mismuna fólki. Ég vildi heldur vera billaus en aka í bifreið sem annar hefði e.t.v. meiri síðferðislegan rétt á en ég. Þetta kemur ekki til mála.²⁰

17 Magnús Magnússon: *Upprifa alþingismanna*, bls. 131–132.

18 Um Kveldúlfsmálið er fjallað ítarlega í *Ólafur Thors*, I, bls. 216–277.

19 Lúpus: *Sjá þann hinn mikla flokk*, bls. 140–142.

20 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 396.

Ólafur lagði mikið upp úr því að tala við fólk út um allt land og heyra hvað það bar fyrir brjósti. Framan af stjórn málaferli hans hitti hann fjölda fólks heima hjá sér, auk þess sem síminn stoppaði nánast aldrei. En þótt Ólafur væri mannblendinn og manna hressilegastur fékkst hann ekki til þess að heilsa upp á kjósendur sína heima hjá þeim. Hann sagðist ekki vilja stunda atkvæðaveiðar með þeim hætti.²¹ Raunar var oft haft á orði að hann sinnti ekki kjósendum í kjördæmi sínu nógu vel og óttaðist hann stundum þess vegna um hlut sinn í kosningum.

Á efri árum lýsti Ólafur starfi stjórnmalamannsins fyrir danskri blaðakonu með þeim einfalda og glettna hætti sem honum var eiginlegur:

Starf stjórnmalamannsins er fylgið í því að rétta fólk hjálparhönd og sjá um að duglegu fólk sé veitt tækifæri. [...] Góður stjórnmalamaður á að [...] taka sannleikann fram yfir lygina. Hann á að vera hugrakkur, vinnusamur og hafa hjartað á réttum stað. Og ... helst ekki allt of heimskur. Hann verður að vita, að enginn vex af því að sitja í stól – heldur af því að vinna starf sitt. Og svo eigum við stjórnmalamennirnir – eins og englarnir – auðvitað að vera sífellt að biðja fyrir syndugum – stjórnarandstöðunni – og leiða hana á rétta braut!²²

Pólitískar hugsjónir

Ævisöguhöfundur Ólafs segir að hann hafi ekki markað stjórnmalastefnu sína „eftir pólitískum kokkabókum, heldur reynslu og íslenzkum aðstæðum“. Hann hafi ekki verið bundinn í báða skó af stefnuskrám og stjórnmalaaályktunum.²³ Þetta er rétt í þeim skilningi að Ólafur vildi hafa áhrif og var reiðubúinn að slá af ítrustu stefnu til að tryggja þau áhrif. Það gerði til dæmis engum gott, að hans mati, hvorki Sjálfstæðisflokknum né þjóðinni, að vera utan ríkisstjórnar nær allan fjórða áratug 20. aldar.

„Ég tel mig ekki bundinn af neinni stefnuskrá, sem einhver kosningaskrifstofa útbýr,“ sagði Ólafur eitt sinn við Birgi Kjaran, alþingismann og bókaútgefanda, sem vann lengi að stefnumótun á vegum Sjálfstæðisflokksins.²⁴ Engu að síður hafði Ólafur ávallt hönd í bagga með samningu stjórnmalaaályktana Sjálfstæðisflokksins og skrifaði þær ídulega sjálfur.²⁵ En það, sem hann átti við, var að skoðanir hans, eins og Birgir Kjaran komst að orði, voru „grunnmúraðar í fáum einföldum meginatriðum. Hann var einstaklingshyggjumaður, hann var frelsisunnandi og hafði andúð á allri kúgun, hann var fylgjandi einkaeignarrétti og athafnafrelsi.“²⁶

21 Sama rit, bls. 115.


22 Sama rit, bls. 404.

23 Sama rit, bls. 419.

24 Birgir Kjaran: „Ólafur Thors.“ *Landsmálafélagið Vörður 40 ára*, bls. 14.

25 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 419.

26 Birgir Kjaran: „Ólafur Thors.“ *Landsmálafélagið Vörður 40 ára*, bls. 14.



Nýsköpunarstjórnin 1944. Myndun hennar hefur oft verið talið eitt mesta afrek Ólafs Thors; þar leiddi hann saman Sjálfstæðisflokkinn, Alþýðuflokkinn og Sósíalísta flokkinn en fjandskapur á milli alþýðuflokksmanna og sósíalista var á þessum tíma jafnvel meiri en á milli sjálfstæðismanna og sósíalista. Samstarf flokkanna var þó gott lengst af. Frá vinstri: Brynjólfur Bjarnason, Emil Jónsson, Pétur Magnússon, Ólafur Thors, Finnur Jónsson og Áki Jakobsson.

Í stuttu máli má líka segja að pólitískar hugsjónir Ólafs Thors sé að finna í hinni gagnorðu yfirlýsingu sem stofnendur Sjálfstæðisflokksins gáfu út um aðalstefnumál flokks síns árið 1929:

1. Að vinna að því og undirbúa það, að Ísland taki að fullu öll sín mál í sínar hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda.
2. Að vinna í innanlandsmálum að viðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.²⁷

Við þetta má bæta að Ólafur hafði alla tíð sjálfur að leiðarljósi það sem hann eitt sinn heimfærði upp á Hannes Hafstein – að höfuðeinkenni hins sanna foringja væri að leysa bundin öfl úr læðingi og vekja aðra til dáða.²⁸

²⁷ Hannes H. Gissurason: *Sjálfstæðisflokkurinn í 60 ár*, bls. 8.

²⁸ Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, I, bls. 45.

Helstu baráttumál

Aðstæður á Íslandi og tíðarandi settu Ólafi Thors skorður við að koma stjórnmalahugsjónum sínum í framkvæmd. Þar var fyrst og fremst um að ræða hina ranglátu kjördæmaskipun sem takmarkaði mjög áhrif Sjálfstæðisflokksins alla formannstið Ólafs en ekki síður átakamikla stjórnmalabaráttu þar sem nánast daglega var tekist á um grundvallarsjónarmið í stjórnmalum – áætlunarbúskap eða frjálst hagkerfi, ríkisrekstur eða einkarekstur, samvinnuverslun eða kaupmannaverslun, lýðræði eða öfgar kommúnisma og nasisma.²⁹

Við þessar aðstæður varð ekki aðeins að haga seglum eftir vindi heldur og að taka stundum þátt í leiknum, ef svo má segja. Ólafur var til dæmis einarður andstæðingur hvers kyns hafta en hann varð að beygja sig undir vald meirihluta Alþingis og ekki síður ríkjandi tíðaranda meðal hagfræðinga, sbr. hagfræðingaálitid 1946 sem lagði grunn að haftastefnu ríkisstjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar á árunum 1947-1949. Ólafur lagði sig fram um að gera haftakerfið sanngjarnara og stemma stigu við þeirri rangsleitni sem festi rætur í haftakerfi kreppuáranna. Hann stóð fyrir þremur veigamiklum tilraunum til að losna við höftin – gengisfellingunum miklu 1939, 1950 og 1960, en höftin spruttu sem kunnugt er af gjalddeyrisþurrð sem skapaðist af of hátt skráðu gengi. Tilraunin 1939 tókst að nokkru, tilraunin 1950 að hálfu en með viðreisnaraðgerðunum 1960 var höftunum loks hrundið.³⁰

Auk atvinnu- og viðskiptafrelsis lét Ólafur sig alla tíð mjög varða uppbyggingu atvinnulífs og ekki síst aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi. Þess vegna lék hann á als oddi í nýsköpunarstjórninni 1944-1947. Þá var verið að útdeila stríðsgróðanum til fólksins í landinu með fjölbættum atvinnuskapandi aðgerðum. Í nýsköpununni stóð Ólafur meðal annars frammi fyrir því að einkarekin útgerðarfélag sóttust ekki eftir að kaupa nýsköpunartogarana sem ríkisstjórnin lét smíða. Þá var ekki annað að gera en hafa forgöngu um stofnun bæjarútgerða eins og til dæmis bæjarstjórn Reykjavíkur gerði undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Réð þá miklu sá ásetningur að tryggja öllum landslýð atvinnu og að stuðla að því að stríðsgróðanum væri fremur veitt í arðbæran rekstur í sjávarútvegi en í uppbyggingu út um sveitirnar svo sem hafði verið stjórnarstefnan að mestu frá 1927.

Samherjar Ólafs sögðu stundum að af öllum þeim málum, sem hann barðist fyrir, hefðu landhelgismálin verið honum hjartfólgnust. Meðan nýsköpunarstjórnin starfaði réð Ólafur ungan þjóðréttarfræðing í utanríkisráðuneytið, Hans G. Andersen, og

29 Sjá t.d. Jakob F. Ásgeirsson: *20. öldin – Brot úr sögu þjóðar*, bls. 92-121.

30 Jakob F. Ásgeirsson: *Þjóð í hafti*, bls. 108-117, 272-280 og 336-358. Um hagstjórn á árunum 1930-1960 sjá einnig: *Frá kreppu til viðreisnar*, ritstjóri Jónas H. Haralz.

fól honum að gera gagngera athugun á öllum hliðum landhelgismálsins. Afrakstur þeirrar vinnu voru landgrunnslögin frá 1948 og ítarleg greinargerð sem þeim fylgdi og segja má að hafi gert Ísland að forysturíki á sviði hafréttarmála á alþjóðavettvangi. Landgrunnslögin hafa jafnan síðan verið talin ein merkasta löggjöf í sögu Íslands sem sjálfstæðs ríkis en forsenda efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar var að hafa forræði yfir fiskauðlindunum umhverfis landið, verndun þeirra og nýtingu. Fyrstu breytingarnar á landhelginni, sem byggðust á landgrunnslögunum, voru framkvæmdar í ráðherratið Ólafs, grunnlínubreytingarnar fyrir Norðurlandi 1950 og útfærslan í 4 mílur 1952 þegar fiskveiðilandhelgin jókst úr 24.500 ferkm í 42.900 ferkm, eða um 75%, en þá voru hinir stóru firðir og flóar friðaðir með því að miða grunnlínur við ystu annes og eyjar.³¹ Ólafur lék síðan lykilhlutverk við lausn landhelgisdeilunnar við Breta eftir löndunarbannið 1952 og við landhelgissamningana 1961.

Meginverkefni allra ríkisstjórna Ólafs Thors var að koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan grundvöll eins og það var kallað. Þetta var í samræmi við pólitískt upplag Ólafs úr Íhaldsflokknum sem hafði það að höfuðmarkmiði að koma fjármálum þjóðarinnar á réttan kjöl. En hagstjórn á Íslandi lengst af á stjórn málaferli Ólafs var ómarkviss. Gylfi Þ. Gíslason, prófessor og ráðherra, orðaði það síðar svo að það hefði verið eins og hægri höndin vissi oft ekki hvað sú vinstri gjörði.³² Reyndar áttu stjórnvöld erfitt um vik vegna mikillar hörku verkalyðshreyfingarinnar sem árum saman mátti ekki heyra á annað minnst en stórfelldar hækkanir á kaupþöxtum og var iðulega misbeitt í pólitísku skyni. Þá var áhersla allra stjórn mála flokka á að koma í veg fyrir atvinnuleysi til þess fallin að ýta undir þenslu. Loks er að nefna að þær miklu breytingar, sem áttu sér stað á íslenski samfélagsgerð á 20. öld – frá frumstæðu bændasamfélagi til tæknivædds bæjasamfélags – kölluðu á eyðslu og hreyfingu fremur en sparnað og kyrrstöðu. Og þótt hagstjórnin hafi e.t.v. ekki verið upp á marga fiska má ekki gleyma því að hagvöxtur á árunum 1939–1963 var engu að síður mikill, það var samfelld uppbygging á nánast öllum sviðum þjóðfélagsins og það tókst að koma í veg fyrir atvinnuleysi og húsnaðisskort þrátt fyrir að fólk flyktist úr sveitunum á mölina.

Ólafur var þingræðismaður fram í fingurgóma. Eins og Bernharð Stefánsson, alþingismaður Framsóknarflokksins, lýsir í endurminningum sínum áttaði Ólafur sig fyrstur manna á því hvað vakti fyrir Tryggva Þórhallssyni forsætisráðherra þegar hann sté í ræðustól á Alþingi 14. apríl 1931.³³ Ríkisstjórn Tryggva og Framsóknarflokksins hafði misst meirihluta sinn á þingi eftir að Alþýðuflokkurinn hætti að veita henni

31 Sjá t.d. Jakob F. Ásgeirsson: „Þar liggur Ísland, hvar menn veiða fisk.“ *Morgunblaðið*, 5. apríl 1998.

32 Gylfi Þ. Gíslason: *Hagsæld, tími og bamingja*, bls. 101–102.

33 Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, bls. 153.

hlutleysi en það kom þingheimi gersamlega í opna skjöldu að forsætisráðherra skyldi rjúfa þing áður en umræður hófust um vantrauststillögu Sjálfstæðisflokksins. Ólafur brást reiður við þingrofinu eins og stjórnarandstæðingar allir og taldi það skýlaust stjórnarskrárbrot en það var skoðun Einars Arnórssonar prófessors sem þá var talinn fremsti stjórnlagaspekingur þjóðarinnar. Lék allt á reiðiskjálfi í íslensku þjóðlífi næstu daga.³⁴ Ólafi blöskraði sérstaklega að minnihluti Alþingis, sem kosinn hefði verið með atkvæðum um 9.500 kjósenda, skyldi reka heim meirihluta Alþingis sem kosinn hafði verið með atkvæðum hátt í 22.000 kjósenda. Þetta væri freklegt brot á anda þess þingræðis og lýðræðis sem væri dýrmætasta eign íslensku þjóðarinnar. Auðvitað ætti þingið að fá tækifæri til að mynda nýja ríkisstjórn ef sitjandi ríkisstjórn nyti ekki lengur trausts meirihluta þingsins áður en gengið yrði til nýrra kosninga.³⁵

Andúð Ólafs á þingrofinu 1931 var því af sama meiddi og andúð hans á skipun utanþingsstjórnarinnar síðla árs 1942 þegar Sveinn Björnsson ríkisstjóri setti af sitjandi ríkisstjórn, minnihlutastjórn Ólafs Thors, og hafði þar með að engu þá þingræðisvenju sem konungur hafði fylgt frá því þingræði hófst hér á landi. Samkvæmt þeirri venju sat ríkisstjórn áfram þótt hún nyti ekki lengur meirihlutastuðnings á Alþingi þangað til tókst að afla nýrri stjórn fylgis eða hlutleysis meirihluta þingmanna. Ábyrgðin hvíldi því á Alþingi. Ef meirihluti þingsins vildi losna við ríkisstjórn varð hann jafnframt að koma sér saman um myndun nýrrar stjórnar. „Ef utanáðkomandi aðili gripi inn í, var viðbúið, að hvötin til nauðsynlegs samstarfs og ábyrgðar meirihluta eyddist“ eins og Bjarni Benediktsson komst að orði.³⁶

Það er athyglisvert að þær minnihlutastjórnir, sem Ólafur Thors átti hlut að, mörkuðu allar ákveðin skil í íslenskrri stjórn málasögu. Fyrri minnihlutastjórn Ólafs (1942) gerði löngu tímabæra lagfæringu á hinni óréttmætu kjördæmaskipan og stóð að nauðsynlegri stjórnarskrárbreytingu til að undirbúa stofnun lýðveldis á Íslandi árið 1944. Seinni minnihlutastjórn Ólafs (1949-1950) lagði drög að miklum efnahagsumbótum sem hefðu losað þjóðina úr haftaviðjum ef þeim hefði verið fylgt eftir af þeirri ríkisstjórn sem við tók og voru í vissum skilningi nauðsynlegur undanfari stökkbreytingarinnar sem varð á viðreisnarárunum. Minnihlutastjórn Emils Jónssonar (1958-1959), sem Sjálfstæðisflokkurinn veitti stuðning, vann í samráði við Sjálfstæðisflokkinn að miklum umbótum í kjördæmamálum og undirbúningi að hinum viðamiklu viðreisnaraðgerðum sem breyttu ásýnd íslensks samfélags.

Baráttan gegn vaxandi atkvæðamisvægi kjósenda eftir búsetu hafði afdrifaríkar

34 Þingrofinu er lýst í bók Haralds Matthíassonar: *Þingrofið 14. apríl 1932*.

35 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, I, bls. 142.

36 Bjarni Benediktsson: „Ólafur Thors.“ *Land og lýðveldi*, III, bls. 142.

SÍÐAN Ólafur Thors velti Hermanni Jónassyni úr valdastól hafa leiðtogar Framsóknarflokksins ekki verið við neitt eins hræddir og hann og Sjálfstæðisflokkinn.



Þegar Ólafur Thors varð forsætisráðherra í fyrsta sinn í maí 1942 lauk nær 15 ára samféldri forystu Framsóknarflokksins fyrir ríkisstjórn, þinni lengstu sem nokkur flokkur hefur gegnt.

Hermann Jónasson baðst lausnar í kjölfar þess sem nefnt er „eiðrofið“ þegar sjálfstæðismenn studdu tillögur um breytta kjördæmaskipan sem framsóknarmenn álitu að þeir hefðu beitið að gera ekki.

Teikningin birtist í Speglinum í júlí 1949.

pólítískar afleiðingar. Þjóðstjórnin féll 1942 þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók höndum saman með Alþýðuflokki og Sameiningarflokki alþýðu – Sósíalístafloknum um lagfæringar á því misræmi sem var í atkvæðisvægi kjósenda eftir búsetu. Framsóknarmenn brugðust ókvæða við og sökuðu sjálfstæðismenn um „eiðrof“, þeir hefðu lofað að gera ekki breytingar í kjördæmamálum að svo stöddu. Sjálfstæðismenn sögðu á hinn bóginn að þeir hefðu einungis lofað að hafa ekki sjálfir frumkvæði að slíkum breytingum meðan þjóðstjórnin sæti. „Hvað á maður að gera, þegar sex steiktar gæsir fljúga inn um gluggann hjá manni?“ sagði Magnús Jónsson dósent, alþingismaður og ráðherra, en talið var að þingmönnum Sjálfstæðisflokksins gæti fjölgað um sex við fyrirhugaða kjördæmabreytingu.³⁷ Mestu varðaði auðvitað að forysta Sjálfstæðisflokksins gat ekki setið með hendur í skauti, kjósenda sinna vegna, þegar skyndilega myndaðist meirihluti á Alþingi til að leiðrétta að hluta það ranglæti sem um margra

37 Matthias Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 370.

ára skeið hafði gert sjónarmið 40% þjóðarinnar nánast hornreka í íslenskum stjórn-málum.

En eftir þetta greri ekki um heilt milli Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar, for-manns Framsóknarflokksins. Réð þar miklu metnaður Hermanns sem vildi ekki una því að Framsóknarflokkurinn væri skör lægra settur en Sjálfstæðisflokkurinn. „Allt er betra en íhaldið“ var kjörorð Framsóknarflokksins í formannstið Hermanns. Hann aftók með öllu að setjast í ríkisstjórn undir forsæti Ólafs Thors og torvelaði það mjög myndun meirihlutastjórnar á Alþingi næstu árin. Raunar voru Hermann og Ólafur á öndverðum meiði um helstu grundvallarmál í íslenskum stjórn-málum, svo sem um frelsi í viðskiptum, hvernig staðið var að stofnun lýðveldisins, mótun utan-ríkisstefnunnar og inngönguna í Atlantshafsbandalagið. Skoðanaágreiningur Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar um tíðina kristallaðist í gerólíkri stefnu viðreisnar-stjórnar Ólafs 1959-1963 og vinstri stjórnar Hermanns 1956-1958.

Ólafur Thors hafði forystu um að Íslendingar tækju að fullu öll sín mál í sínar hendur, eins og sagði í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, jafnskjótt og samningstímabil sambandslaganna var á enda, þ.e. á árinu 1944. Það var ekki sjálfgefið að svo yrði, sam-anber málflutning ýmissa áhrifamanna á heimsstyrjaldarárunum síðari og ákvarðana Sveins Björnssonar ríkisstjóra sem forystumenn Sjálfstæðisflokksins töldu að væri bein-linis ætlað að koma í veg fyrir stofnun lýðveldis án sérstakra viðræðna við Dani. Þá var Ólafur eindregið fylgjandi hverndarsamningnum við Bandaríkin 1941 og stýrði við-ræðum þjóðanna fyrir Íslands hönd sem leiddu til Keflavíkursamningsins 1946. Eftir það stóð hann fast við bakíð á Bjarna Benediktssyni í öllum ákvörðunum sem vörðuðu utanríkismál Íslands og öryggi landsins á viðsjárverðum tímum kalda stríðsins.

Það hefur jafnan verið talið eitt af mestu afrekum Ólafs Thors hversu vel honum fórst að halda hinum stóra flokki sínum saman. „Teygjan í Sjálfstæðisflokknum er mikil,“ sagði í palladómum Lúpusar á sínum tíma, „en þræðirnir liggja allir í hægri hönd Ólafs Thors, og hann heldur fast og togar drjúgt, þegar honum þykir þess þurfa. Meginskýringin á samheldni Sjálfstæðismanna er þó vafalaust vinsældir Ólafs.“³⁸

Þetta er lífseig skoðun – að Sjálfstæðisflokkurinn eigi fjöldafylgi sitt að þakka vin-sældum foringja sinna. Það er því athyglisvert að rifja það upp að Jón Þorláksson, sem ekki þótti við alþýðuskap, var fisknari á atkvæðaveiðunum en nokkur annar formaður í sögu Sjálfstæðisflokksins. Undir forystu Jóns fékk Íhaldsflokkurinn/Sjálfstæðis-flokkurinn að meðaltali 44,8% atkvæða í þrennum kosningum á árunum 1927-1933. Meðaltalsfylgi Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningum í formannstið Ólafs Thors

38 Lúpus: *Sjá þann hinn mikla flokk*, bls. 142.

1934-1961 er hins vegar 40,2%. Hæst fór Sjálfstæðisflokkurinn í formannstíð Ólafs í 42,5% í sumarkosningunum 1959 en lægst í 37,1% í kosningunum 1953.³⁹ Auðvitað skiptir forystumaðurinn mjög miklu í velgengni stjórn málafllokks í kosningum en til lengri tíma hlýtur stefna flokksins að ráða úrslitum um kjörfylgi. Sú grundvallarstefna, sem fylgdi Sjálfstæðisflokknum úr hlaði í tveimur stuttum málsgreinum árið 1929, reyndist eiga ríkan hljómgrunn með þjóðinni.

Myndun viðreisnarstjórnarinnar 20. nóvember 1959 var verðugur endir á stjórn málaferli Ólafs Thors. Þá loksins hafði flokkur hans þingstyrk og samstíga samstarfsflokk til að fylgja helstu stefnumálum sínum fram. Með raunhæfri gengisskráningu og markvissri stjórn peningamála tókst að halda verðbólgunni í skefjum, aflétta höftunum og tryggja verslunarfrelsi þótt opinbert verðlagseftirlit væri áfram við lýði. Þessi stefnubreyting kostaði hörð átök við verkalýðshreyfinguna eins og Jónas H. Haralz, hagfræðingur og bankastjóri, minnir á í æviþætti sínum um Ólaf:

Skipulagðri tilraun til að gera árangur viðreisnarinnar að engu með verkföllum og launahækkunum sumarið 1961 mætir hann af fullri einurð. Tveimur árum síðar réttir hann fram hönd til sátta, býður aðstoð við að hrinda af stokkunum sameiginlegri könnun á stöðu kjaramála og reynir að ná samkomulagi um að þeir lægra launuðu sitji í fyrirrúmi um kjarabætur. [...] Það var að öllu leyti við hæfi, að sáttagjörð skyldi vera síðasta verk Ólafs Thors sem forsætisráðherra.⁴⁰

Ríkisstjórnarsamstarf

Í stjórnarmyndunum þótti Ólafur sýna lipurð og sanngirni í garð samstarfsflokka. Hann gerði til dæmis ekki kröfu til þess að Sjálfstæðisflokkurinn leiddi þjóðstjórnina og hann taldi það réttlætismál að flokkarnir, sem mynduðu nýsköpunarstjórnina, ættu jafnmarga ráðherra hvað sem leið þingstyrk þeirra. Myndun nýsköpunarstjórnarinnar 1944 hefur oft verið talið eitt hans mesta afrek og sannkallað galdraverk. Þá leiddi Ólafur saman stjórn málaflökka sem flestir landsmenn töldu að myndu aldrei eiga samleið en á þeim árum var jafnvel meiri fjandskapur milli kommúnista og alþýðuflokksmanna en kommúnista og sjálfstæðismanna.

Samstarfið í nýsköpunarstjórninni var lengst af mjög gott áður en utanríkismálin settu strik í reikninginn. Einar Olgeirsson, formaður Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins, sagði síðar að það hefði verið mikil gæfa Íslandi að Ólafur Thors og Brynjólfur Bjarnason, fyrrverandi formaður Kommúnistaflokksins og menntamálaráðherra, skyldu þá hafa fundið „hvor annan – ekki sízt í „húmornum““ og leyst

39 *Tölfræðihandbók*, bls. 243-244.

40 Jónas H. Haralz: „Ólafur Thors.“ *Þeir settu svip á öldina*, bls. 178.



Mótmæli við Ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu í október 1962 vegna landbelgissamningsins sem gerður var við Breta árið áður og var lengi umdeildur. Í hópi mótmælenda má þekkja Ragnar Arnalds (fjórði til vinstri við Ólaf Thors) sem þarna er 24 ára og varð síðar alþingismaður og ráðherra. Myndina tók Ólafur K. Magnússon fyrir Morgunblaðið.

saman „með ágætum margan þann vanda, ekki sízt í kaupgjaldsmálum, sem hefði getað orðið þeirri stjórn að fótakefli“. Einar bætti við að „ekkert kalt stríð“ hefði megnað að kæla þá vináttu sem tókst með Ólafi og Brynjólfi á nýsköpunarárunum.⁴¹

Samstarfið í fjórðu ríkisstjórn Ólafs, samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1953–1956, þótti sömuleiðis gott, a.m.k. framan af. Ólafur átti til dæmis gott með að vinna með Steingrími Steinþórssyni fyrirverandi forsætisráðherra. En það veikti þá stjórn að formaður Framsóknarflokksins, Hermann Jónasson, skyldi kjósa að vera utan hennar. Hermann var lítt gefið um myndun þessarar ríkisstjórnar og hugði á vinstra samstarf.⁴²

Gylfi Þ. Gíslason, sem sat með Ólafi í viðreisnarstjórninni, sagði að Ólafur hefði aldrei tekið erfitt vandamál eða viðkvæmt deilumál fyrir á ríkisstjórnarfundi án þess að

41 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, I, bls. 419.

42 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 225–226, 243 og 250.

láta ráðherra Alþýðuflokksins vita. Í slíkum málum hefði ekki leynt sér hve Ólafur lagði sig fram um að finna sanngjarna lausn sem hann undirbjó jafnan í einkasamtölum. Af þessu verklagi hlaut að ráðherrar báru ekki ágreining sinn á torg utan ríkisstjórnarinnar þegar samkomulag hafði náðst. Gylfi lærði það af Ólafi að koma aldrei á ríkisstjórnarfund með mál sem hann bar sérstaklega fyrir brjósti án þess að ræða fyrst við forsætisráðherra sinn. Stundum sagði þá Ólafur: „Þetta þýðir ekki. Þetta skaltu ekki leggja til.“ En um annað sagði hann: „Reyndu þetta.“ Í þeim tilvikum kom jafnan á daginn að Ólafur studdi málið sem varð til þess að það fékk framgang. Að sögn Gylfa lét Ólafur ráðherra Alþýðuflokksins aldrei fá það á tilfinninguna að málafylgja hans eða Sjálfstæðisflokksins við mál, sem Alþýðuflokkurinn bar fyrir brjósti, væri skilyrt eða bundin því að alþýðuflokksráðherrarnir styddu tiltekin mál Sjálfstæðisflokksins. Ólafur stefndi að „sanngjörnu jafnræði milli flokkanna, án þess að um væri talað,“ sagði Gylfi. Svo vel gekk samstarfið í viðreisnarstjórninni að Gylfa Þ. Gíslasyni fannst á stundum að Ólafur vildi beinlínis láta minni flokkinn hafa betur innan ríkisstjórnarinnar.⁴³

Vitnisburður embættismanna

Jónas H. Haralz, sem var hvort tveggja efnahagsráðunautur vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar og viðreisnarstjórnar Ólafs Thors, segir að andrúmsloftið á fundum viðreisnarstjórnarinnar hafi verið „létt og skemmtilegt og með öllu ólíkt þeim drunga og spennu, sem ætíð hafði hvílt yfir fundum vinstri stjórnarinnar“. Jónas segir að Ólafur hafi haft til að bera mikla þolinmæði og lagni í samstarfi, auk þess sem „sú aðferð hans að látast vera að gera að gamni sínu, þegar honum var hvað mest alvara“ hafi oft borið „ágætan árangur“.⁴⁴

Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri sagði að Ólafur hefði stýrt ríkisstjórnarfundum með lagni og nefnir eitt dæmi sem sýnir hvernig frjálstlegt tal hans braut oft ísinn þegar í óefni stefndi:

Eitt sinn sem oftár í nýsköpunarstjórninni var mikill ágreiningur um ákveðið atriði og var Áki Jakobsson harður á sínu máli og horfði ekki friðvænlega. Þá sagði Ólafur kankvís á svip: Áki, oft hefur mig langað til að skoða inn í hausinn á þér og vita hvað eiginlega fer þar fram. Allir fóru að hlæja og andrúmsloftið mildaðist.⁴⁵

43 Sama rit, bls. 292–293.

44 Sama rit, bls. 307.

45 Birgir Thorlacius: *Í þjónustu forseta og ráðherra*, bls. 106.

Birgir sagði að Ólafur hefði verið einn af þeim ráðherrum sem starfsfólk ráðuneytanna gladdist yfir að fá aftur. Sjálfur hafi hann metið Ólaf því meir sem hann kynntist honum betur: „Hann var skemmtilegur maður, blátt áfram og hlýlegur og vildi öllum vel.“⁴⁶

Einn nánasti samstarfsmaður Ólafs í stjórnarráðinu um langt skeið, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, sagði að Ólafur hefði látið embættismenn að mestu um daglegan rekstur í ráðuneytunum og lítt skipt sér af smáatriðum. „Hann hugsaði um stóru málin, og það var meira en nóg að afgreiða þau,“ sagði Gunnlaugur.⁴⁷

Agnar Klemens Jónsson ráðuneytisstjóri sagði að Ólafur hefði verið „manna fljótastur að setja sig inn í flókin málefni og þá einnig að sjá, hvaða atriði það voru, sem skiptu mestu máli“.⁴⁸

Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, annar af tveimur helstu efnahagsráðgjöfum viðreisnarstjórnarinnar, segir að Ólafur hafi vissulega getað verið harður í horn að taka en hann hafi verið „óvenjunæmur fyrir því, hvernig mönnum leið í návist hans. Ef hann særði einhvern óvart með athugasemdum sínum, var hann fljótur að bæta úr því með einni eða tveimur setningum.“ Jóhannes segir jafnframt að Ólafur hafi lagt mesta vinnu allra stjórnámálanna, sem hann hefði starfað með, í að kynna sér skýrslur til hlítar. Hann hafi verið mikill vinnuþjarkur, sérstaklega töluglögur og með afbragðs gott minni. Jóhannes bætir við:

Hann tók allt, sem hann fjallaði um, föstum tókum. [...] Ég tel hann mesta stjórnámálmann, sem ég hef átt samstarf við, og þann stjórnámálmanninn, sem mér þótti vænst um sem manneskju.⁴⁹

Í augum samherja og andstæðinga

Þegar Bjarni Benediktsson las yfir handrit Kristjáns Albertssonar að hinni miklu ævisögu hans um Hannes Hafstein – þar sem hlutur söguhetjunnar er eðlilega gerður mikill – sagði hann Kristjáni að hann mætti aldrei gleyma því að Hannes Hafstein hefði ekki verið meiri maður en Ólafur Thors.⁵⁰ Ætli megi ekki segja að þetta hafi á sínum tíma verið almennur dómur sjálfstæðismanna um foringja sinn?

Ólafur var, sem fyrr segir, formaður Sjálfstæðisflokksins í hátt í þrjá áratugi og allan

46 Sama rit, bls. 106-109.

47 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, I, bls. 21.

48 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 386.

49 Sama rit, bls. 304 og 387.

50 Frásögn Kristjáns Albertssonar við höfund.

Þann tíma virtist fullkominn einhugur í flokknum um forystu hans þótt þingmenn flokksins deildu hart um sumar ákvarðanir hans, svo sem þátttöku í Þjóðstjórninni 1939 og myndun nýsköpunarstjórnarinnar 1944, og stuðningsmenn flokksins hefðu tilmæli formanns síns að engu í forsetakosningunum 1952. Einn af eftirmönnum Ólafs, Davíð Oddsson forsætisráðherra, komst síðar svo að orði að Ólafur hefði í vissum skilningi verið maður allra tíma: Meðan hann var ungur hafi sjálfstæðismenn viljað að ungur maður leiddi flokkinn, þegar hann var miðaldra hafi hið sama gilt og þegar hann var sjötugur hafi Ólafur enn verið sá leiðtogi sem flokksmenn töldu sjálfkjörinn formann sinn.⁵¹



Ólafur Thors flytur tækifærissæðu. Sagt er að Ólafur hafi áminnt bílstjóra sinn eftir að sá hafði verið tekinn fyrir ökvunaraktur skömmu eftir að Ólafur varð fyrst forsætisráðherra og sagt: „Nú verður annar þvör okkar að hætta að drekka.“ Myndina tók Ólafur K. Magnússon fyrir Morgunblaðið.

En hvaða augum litu andstæðingarnir Ólaf Thors? Flestir viðurkenndu þeir að hann væri góður ræðumaður og hefði mikla persónutöfra. En þeir héldu því fram að það væri oft litill þungi í málflutningi hans og hann gæti verið strákslegur í tali, jafnvel galgopalegur. Þá voru sumir sem héldu hann slóttugan. Þetta er til dæmis sú mynd sem Gylfi Þ. Gíslason hafði af Ólafi eftir að hafa verið harður andstæðingur hans á þingi í 15 ár. En í aðdraganda að myndun viðreisnarstjórnarinnar 1959 tókust loks með þeim persónuleg kynni og þá kom Ólafur Thors Gylfa allt öðruvísi fyrir sjónir. Þá sagðist Gylfi hafa kynnst miklum alvörumanni sem lagði sig fram um að leita að sem réttastri lausn á hverju máli, eins og hann komst að orði. Það kom líka Gylfa í

51 Davíð Oddsson: „Formálsorð.“ Hljómdiskurinn *Ólafur Thors hefur orðið*.



Speglinum þótti forystumenn íslenskra stjórn mála árið 1945 – eitt hundrad árum eftir endurreisn Alþingis – lítt standast samanburð við Jón Sigurðsson. Teikninguna gerði Tryggvi Magnússon.

opna skjöldu að Ólafur skyldi, eins og hann orðaði það, gera sér grein fyrir því að á sviði efnahagsmála skipti fleira máli en peningar og hagsmunir, þar þyrfti líka að leiða hugann að tilfinningum og réttlæti.⁵²

Ólafur Thors lét af embætti forsætisráðherra í viðreisnarstjórninni 12. nóvember 1963. Læknar ráðlögðu honum að taka sér hvíld. Rúmu ári síðar var hann allur. Hann lést á gamlársdagsmorgun 31. desember 1964, tæplega 73 ára. Útför hans var gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík að viðstöddu fjölmenni. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup hélt minningaræðuna og komst meðal annars svo að orði:

Vér heiðrum minningu Ólafs Thors – og biðjum Guð að blessa Ísland.⁵³

52 Matthías Johannessen: *Ólafur Thors*, II, bls. 292.

53 „Vér heiðrum ...“ *Morgunblaðið*, 6. janúar 1965.

Pólitísk arfleifð

Pólitísk arfleifð Ólafs Thors er flest það sem horft hefur til varanlegra framfara í íslenskum þjóðmálum á 20. öld. Umfram aðra stjórn málaforingja stóð hann vörð um þingræðið og hann barðist hart gegn ranglátri kjördæmaskipan. Hann lagði grunninn að sigrum Íslendinga í landhelgismálinu og hafði forgöngu um að lýðveldi yrði stofnað við fyrsta tækifæri. Hann skipaði Íslandi ótvírætt í flokk með öðrum vest-rænum þjóðum í umróti heimsstyrjaldarinnar síðari og í átökum kalda stríðsins. Hann var í fararbroddi mestu atvinnuuppbyggingar á vegum stjórnvalda í sögu lýðveldisins og lagði sitt lóð á vogarskálarnar til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi festi hér rætur. Hann hafði forystu um að leysa þjóðina úr haftaviðjum með viðamiklum efnahagsaðgerðum þar sem leiðarljósið var raunhæf gengisskráning og athafnafrelsi. Öll hans höfuðstefnumál hafa staðist tímans tönn og er óhætt að segja að nú, fjöru-tíu árum eftir andlát hans, myndi það vart hvarfla að nokkrum manni að hverfa af þeirri braut sem Ólafur Thors markaði þjóðinni í ofangreindum efnum. Jafnframt því sem hann tryggði stefnumálum flokks síns framgang stuðlaði hann öðrum mönnum fremur að sáttum og friði með óeirðasamri þjóð á miklum sundrungartímum, byggði brýr milli atvinnurekenda og verkalyðshreyfingar, hægri manna og vinstri manna – og hélt langstærsta stjórn málaflakki landsins saman, oft á tíðum við erfiðar aðstæður, og skilaði honum öflugum í hendur arftaka síns.